

Fundargerð

**81. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,
miðvikudaginn 11. maí 2022, kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir, Sigurður Böðvarsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Helgi Héðinsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Skútustaðahreppur - Ársreikningur 2021 - 2204019

Ársreikningur Skútustaðahrepps og stofnana hans fyrir árið 2021 er tekinn til síðari umræðu. Vísað er til yfirferðar við fyrri umræðu þann 27. apríl síðastliðinn. Engar breytingar hafa orðið á ársreikningnum frá fyrri umræðu.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikninginn samhljóða með undirritun sinni. Ábyrgðar- og skuldbindingayfirlit staðfest og undirritað. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins að fundi loknum.

Samþykkt

2. Rekstraryfirlit janúar - mars 2022 - 2205006

Lagt fram rekstraryfirlit janúar - mars 2022. Skatttekjur fyrstu þrjá mánuði ársins eru umtalsvert hærrí en árið 2021 og nema 129,8 milljónum fyrstu 3 mánuði ársins, í samanburði við 113,2 milljónir árið 2021.

Bráðabirgðarekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um 9,2 milljónir, í samanburði við 26 milljóna neikvæða rekstrarniðurstöðu fyrstu þrjá mánuði ársins 2021 og 9,5 milljóna neikvæða rekstrarniðurstöðu ársins 2020.

Skatttekjur fyrstu fjóra mánuði ársins 2022 eru 166 milljónir, sem er ríflega 21% hærrí skatttekjur en á árinu 2021. Auknar skatttekjur fyrstu mánuði ársins skýrast af þremur ástæðum, íbúapróun, launahækkunum og góðu atvinnuástandi.

Þann 1.maí 2022 voru íbúar Skútustaðahrepps 490, sem er um 7% fleiri íbúar en á sama tíma árið 2021. Í febrúar 2022 námu meðallaunagreiðslur í Skútustaðahreppi 661 þúsund krónum en í febrúar 2021 voru meðallaunagreiðslur 595 þúsund krónur. Í febrúar 2022 voru 25 íbúar Skútustaðahrepps skráðir atvinnulausir, en í febrúar 2021 voru þeir 72.

Helstu heimildir á bakvið greininguna:

1. Nýlega innleitt PowerBI kerfi Skútustaðahrepps ofan á bókhaldskerfi sveitarfélagsins

2. Vefur Analytica sem unninn var fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi tekjustofna sveitarfélaga: <http://analytica.is:5050/>
3. Vefur Vinnumálastofnunar
4. Vefur Þjóðskrár

Lagt fram

3. Samstarfsyfirlýsing um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis - Jarðböðin - 2205007

Sveitarstjóri undirritaði í vikunni fyrir hönd sveitarfélagsins samstarfsyfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu þar sem Jarðböðin hf. og Skútustaðahreppur lýsa yfir vilja til samstarfs.

Jarðböðin kynntu nýverið metnaðarfull uppbyggingaráform. Áformin munu skapa fjölda nýrra starfa og í því ljósi er það vilji Jarðbaðanna að tryggja starfsfólki sínu húsnæði. Að sama skapi er það vilji sveitarfélagsins að styðja við öflugt atvinnulíf og mannlíf á svæðinu og fjölga íbúum til að styrkja stoðir samfélagsins. Í því ljósi er íbúðarhúsnæði lykil atriði. Samstarfið við Jarðböðin er mikilvægur hlekkur í stærra verkefni þar sem leitast verður við að byggja til að mæta þörfum íbúa, eldra fólks og fyrirtækja á svæðinu ásamt uppbyggingu leiguhúsnæðis í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Útfærsla verkefnisins og samstarf verður mótað nánar á komandi vikum.

Lagt fram

4. Göngu- og hjólastígur - 2008026

Gengið hefur verið frá verksamningi við Jón Inga Hinriksson ehf. um lagningu göngu- og hjólastígs við Mývatn. Samningurinn er í samræmi við tilboð verktakans, sem nam 76,6% af kostnaðaráætlun.

Lagning göngu- og hjólastígs er samvinnuverkefni Skútustaðahrepps og Vegagerðarinnar og eru 70% kostnaðar greidd úr sérstökum sjóði innan Vegagerðarinnar, sem hefur að markmiði að byggja upp göngu- og hjólastíga um allt land. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps þakkar Vegagerðinni kærlega fyrir gott samstarf í þessu mikilvæga verkefni, sem bæta mun umferðaröryggi og auka lífsgæði í sameinuðu sveitarfélagi.

5. Sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022 - 2205008

Lögð fram auglýsing frá yfirkjörstjórn vegna kosninga til sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, sem fram fara þann 14. maí 2022.

Kjörstaðir við sveitarstjórnarkosningarnar þann 14. maí nk. eru tveir og verða á kjördag opnir sem hér segir:

Ljósveitingabúð frá kl. 10:00 til kl. 22:00 og

Skjólbrekka frá kl. 10:00 til kl. 22:00

Í undirkjörstjórn á kjörstað í Ljósveitingabúð eru:

Steinn Jóhann Jónsson, Katla Valdís Ólafsdóttir og Helga Sveinbjörnsdóttir.

Varamenn: Snorri Guðjón Sigurðsson, Aðalsteinn Már Þorsteinsson og Hanna Berglind Jónsdóttir.

Í undirkjörstjórn á kjörstað í Skjólbrekku eru:

Birgir Steingrímsson, Bernadetta Kozaczek og Helgi Arnar Alfreðsson.

Varamenn eru: Atli Steinn Sveinbjörnsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Hannes Lárus Hjálmarsson.

Kjörskrá vegna kosninganna er skipt á milli sveitarfélaganna og ofangreindra tveggja kjörstaða. Kjósandi sem óskar eftir því að flytja sig á milli kjörstaða getur fengið heimild til þess flutnings enda fylli hann út eyðublað þar lútandi. Á kjördag, meðan atkvæðagreiðsla stendur yfir, mun yfirkjörstjórn hafa aðsetur sitt í Félagsheimilinu Breiðumýri.

Sími yfirkjörstjórnar á kjördag er 864 2938 og tölvupóstfangið:

kjorstjorn@thingeyjarsveit.is.

Talning atkvæða fer fram í Breiðumýri og hefst að kjörfundi loknum. Útsendingu frá talningarstað verður streymt á vefnum. Slóð á netstreymi verður auglýst á vef beggja sveitarfélaga.

Yfirkjörstjórn vegna kosninga til sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, 3. maí 2022.

Dagný Pétursdóttir, Jón Þórólfsson, Tryggvi Þórhallsson

Lagt fram

6. Skólamál - 2203035

Sveitarstjóri fór yfir stöðu vegna afleysingar skóla- og leikskólastjóra

Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir hefur verið ráðin í afleysingu leik- og grunnskólastjóra við Reykjahlíðarskóla og Leikskólann. Yl fyrir næsta skólaár. Anna er með BS gráðu í alþjóðlegri umhverfis- og þróunarfræði frá Noregs miljø-og biovetniskapelige universitet, MA gráðu í sérkennslufræðum frá University of Oslo og er að ljúka Diplómagráðu í áfallastjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Anna hefur töluverða reynslu af kennslu og við ráðgjöf í velferðarmálum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ráðningu Önnu Sigríðar og býður hana hjartanlega velkomna til starfa.

Samþykkt

7. Vegagerðin - samráð - 2009032

Fulltrúar sveitarfélagsins funduðu á dögnum með Vegagerðinni um ýmis verkefni í sveitarfélaginu.

Samþykkt

8. Skútustaðahreppur: Hamingja sveitunga - 1808046

Frestað

9. Umhverfisnefnd Fundargerðir - 1611036

Lögð fram fundargerð 28. fundar umhverfisnefndar dags. 27. apríl. Fundargerðin er í fimm liðum.

Lagt fram

10. Skóla- og félagsmálanefnd: Fundargerðir - 1809011

Lögð fram fundargerð 34. fundar skóla- og félagsmálanefndar dags. 27. apríl. Fundargerðin er í fjórum liðum.

Lagt fram

11. Atvinnumála- og framkvæmdanefnd: Fundargerðir - 1809012

Lögð fram fundargerð 21. fundar atvinnumála- og framkvæmdanefndar dags. 28. apríl. Fundargerðin er í fjórum liðum.

Lagt fram

12. Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1809010

Lögð fram fundargerð 35. fundar velferðar- og menningarmálanefndar dags. 3. maí. Fundargerðin er í þremur liðum.

Lagt fram

13. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024

Viðburðir - kosningar - Íslandsmótið í götuhjólreiðum

14. Brák hses. - 2203027

Lögð fram fundargerð 3. stjórnarfundar Brákar hses dags. 26. apríl. Fundargerðin er í sjö liðum.

15. Mývatnsstofa - aðalfundur 2022 - 2204015

Sveitarstjóri sótti aðalfund Mývatnsstofu á dögnum. Til kynningar er fundargerð fundarins.

Lagt fram

16. SSNE - Fundargerðir - 1611006

Lögð fram fundargerð 37. fundar SSNE dags. 27. apríl. Eitt mál var til umræðu á fundinum.

17. Göngu- og hjólastígur - 2008026

Tekin fyrir umsókn frá Sveini Margeirssyni dags. 27. apríl 2022 um framkvæmdaleyfi göngu og hjólastígs umhverfis Mývatn frá afleggjara við Dimmuborgir að Álftagerði. Stígurinn er í samræmi við gildandi Aðalskipulag 2011 - 2023 og er háður samþykki Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og viðkomandi landeigendum. Skipulagsnefnd tók erindið fyrir á fundi sínum 9. maí s.l og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að ganga úr skugga um að viðkomandi leyfi liggja fyrir og að skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út leyfið skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, 13.-16. gr og skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir lagningu göngu- og hjólastígs á útistandandi hlutum leiðarinnar frá Dimmuborgum að Álftagerði skv. meðfylgjandi hönnunargögnum og leyfum viðkomandi leyfisveitenda. Áður hefur sveitarstjórn samþykkt og gefið út framkvæmdaleyfi fyrir lagningu göngu- og hjólastígs frá afleggjara við Dimmuborgir að núverandi bílastæði við Höfða og frá Garði að Skútustöðum. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að ganga úr skugga um að viðkomandi leyfi liggi fyrir og að skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út leyfið skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, 13.-16. gr og skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

18. Stofnun lóðar í landi Grímsstaða - 2205004

Tekin fyrir umsókn dags. 30 apríl frá Birgi Valdimar Haukssyni um stofnun lóðar fyrir frístundahús í landi Grímsstaða. Meðfylgjandi er F-550 eyðublað, samningur landeigenda um stofnun lóðarinnar með hnitum og áætlun um tengingu veitukerfis að lóðinni.

Skipulagsnefnd tók erindið fyrir á fundi sínum 9. maí s.l og leggur til við sveitarstjórn að byggingarfulltrúa verði falið að stofna fyrirhugaða lóð þegar öll tilskilin gögn hafi borist. Lóðin er staðsett innan svæðis sem skilgreint er fyrir verslun- og þjónustu í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023, nefndin vekur athygli á því að skoða þarf þróun landnotkunar svo að hún samræmist framtíðaráformum.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að eiga samtal við landeigendur um framtíðaráform á svæðinu og framþróun hugmynda um breytta landnotkun í nýju aðalskipulagi.

Frestað

19. Efnistaka í Garði - Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 - 2202014

Tekin fyrir tillaga dags. 9. maí 2022 frá frá Teiknistofu Arkitekta að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps sem felur í sér skilgreiningu efnistökusvæðis við Garð. Tillagan felur í sér afmörkun 2,4 ha efnistökusvæðis þar sem heimiluð verði efnistaka allt að 49.900 m³. Fyrirhugað efnistökusvæði tekur yfir eldri námu innan skilgreinds athafnasvæðis þar sem áður hefur verið tekið um 19.000 m³ efnis á um 7,8 ha svæði. Skipulags- og matslýsing var auglýst með umsagnarfresti frá og með 28. febrúar til og með 21. mars 2022. Í skipulags- og matslýsingu var gert ráð fyrir allt að 120.000 m³ efnistöku. Við yfirferð umsagna og greiningu á efnisþörf var fyrirhugað efnistökusvæði minnkað.

Skipulagsnefnd tók erindið fyrir á fundi sínum 9. maí og leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 verði samþykkt til auglýsingar í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og samþykkir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni umsögn Skipulagsstofnunar.

Samþykkt

20. Stofnun lóða í landi Reynihlíðar - 2201011

Tekin fyrir umsókn dags. 13. janúar 2022 frá Pétri Snæbjörnssyni um stofnun lóða í landi Reynihlíðar utan um byggingar á landinu. Meðfylgjandi er þinglýst landskiptagerð með hnitsettri afmörkun landareignarinnar og útfyllt F-550 eyðublað.

Skipulagsnefnd tók erindið fyrir á fundi sínum 9. maí s.l og leggur til við sveitarstjórn að byggingarfulltrúa verði falið að sjá um stofnun lóðana þegar tilskilin gögn hafi borist.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og felur byggingarfulltrúa að sjá um stofnun lóðana þegar tilskilin gögn hafa borist.

Samþykkt

21. Veglagning að íbúðarhúsum við Voga - 2205005

Tekin fyrir umsókn dags. 6. maí 2022 frá Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf. um framkvæmdaleyfi veglagningar frá Mývatnssveitarvegi (848) að frístundalóðum og íbúðarhúsum austan við Mývatnssveitarveg.

Skipulagsnefnd tók erindið fyrir á fundi sínum 9. maí s.l og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu um land Bjarkar og Voga 1 í samræmi við deiliskipulag Voga 1 þegar samkomulag við landeigendur liggur fyrir og tilskilin gögn hafi borist.

Sveitarstjórn tekur undir afgreiðslu skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu um land Bjarkar og Voga 1 í samræmi við deiliskipulag Voga 1 þegar samkomulag við landeigendur liggur fyrir og tilskilin gögn hafi borist.

Samþykkt

22. Skipulagsnefnd: Fundargerðir - 1611022

Fundargerð 46. fundar skipulagsnefndar frá 9. maí 2022 lögð fram til kynningar. Fundargerðin er í sex liðum. Liðir 1, 2, 3, 4 og 5 hafa áður verið tekinir fyrir undir liðum 17, 18, 19, 20 og 21.

Lagt fram

23. The Little FishCompany ehf. - Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi - 2205010

Tekin fyrir umsagnarbeiðni frá skrifstofu sýslumanns varðandi rekstrarleyfi The little fishcompany ehf vegna Fish&chips Lake Mývatn við Hraunveg 8. Beiðnin er vegna veitinga með vínveitingum í flokki II sbr. lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina fyrir sitt leyti.

Samþykkt

81. fundur sveitarstjórnar
12.05.2022